

Dalabyggð, kt. 510694-2019, hér eftir í samningi þessum nefnt eigandi og **Hótel Laugar Sælingsdal**, kt. 580821-0730, hér eftir í samningi þessum nefnd rekstraraðili gera með sér svofelldan

REKSTRARSAMNING

1. gr.

Samningur þessi gildir um rekstur tjaldsvæðis að Laugum í Sælingsdal í Dalabyggð sumarið 2022.

2. gr.

Rekstraraðili sér um eftirlit, innheimtu í samræmi við samþykktu gjaldskrá, þrif, daglegan rekstur og önnur samskipti og þjónustu við gesti á tímabilinu 9. júní 2022 til og með 31. ágúst 2022 eða í 84 daga og lýkur samningi þessum þá án sérstakrar uppsagnar.

Tjaldsvæðið vera opið alla daga á ofangreindu tímabili. Komi til ástæður sem hamla því ber rekstraraðila að tilkynna eiganda um það tafarlaust.

3. gr.

Eigandi fer með samning um þjónustu við sorphirðu á staðnum og sér til þess að tjaldsvæðið sé slegið 3 sinnum á tímabilinu.

4. gr.

Rekstraraðili heldur eftir 50% af heildarinnkomu, fyrir utan VSK, á tjaldsvæðið og skal greiðsla eftirstöðva (50%) til eigenda fara fram eigi síðar en 10. næsta mánaðar á eftir, þ.e. eigi síðar en 10. júlí, 10. ágúst og 10. september nk.

Rekstraraðila ber að halda gistináttaskýrslur þar sem fram kemur þjóðerni og fjöldi gistinátta og skila afriti af þeim til eigenda við samningslok samhliða síðasta uppgjöri.

5. gr.

Viðhald og þrif í upphafi sumars er á kostnað eiganda og er stefnt á að því verði lokið eigi síðar en 10. júní 2022.

Telji rekstraraðili að þörf sé á frekara viðhaldi skal semja sérstaklega um það við eiganda. Allar breytingar eða framkvæmdir á tjaldsvæði skulu vera afturkræfar og eru óheimilar nema í samráði við eiganda. Fari rekstraraðili í framkvæmdir eða viðgerðir sem ekki hafa hlotið skriflegt samþykki eigenda ber eiganda ekki að endurgreiða rekstraraðila fyrir þær.

Rekstraraðila ber að tilkynna eigenda án tafar um þau atriði sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds og gætu varðar tryggingamál eða valdið verulegum skemmdum ef látið afskiptalaust.

6. gr.

Rísi mál út af samningi þessum er hvorum aðila um sig heimilt að reka það fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Samningur þessi er gerður í þremur eintökum, einu handa hvorum aðila og einu til þinglýsingar. Leigutaki sér um þinglýsingu og greiðir þinglýsingarkostnað.

Staður og dagsetning

F.h. Dalabyggðar (eigandi)

F.h. Hótel Lauga Sælingsdal (rekstraraðili)

m. fyrirv. um staðfestingu byggðarráðs

Vottar (nafn og kt.):

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala